

**Nd.**

**700. Breytingartillaga**

[210. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970 og lög nr. 23 3. maí 1972.

Frá Ellert B. Schram.

Á eftir 2. gr. komi ný grein:

Við 86. gr., 5. gr. l. nr. 55 12. maí 1970, bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Vátryggingafélög þau, sem fengið hafa viðurkenningu samkvæmt 70 gr., skulu greiða  $1\frac{1}{2}\%$  af iðgjaldatekjum þeirra vegna lögboðinna ábyrgðartrygginga ökutækja til umferðarslysavarna, er renni til Umferðarráðs. Skulu framlög þessi greidd ársfjórðungslega og miðast við iðgjaldatekjur ársins á undan. Endanlegt uppgjör fer fram, þegar ársreikningar hvers félags liggja fyrir. Það, sem á kann að vanta til þess, að þessar tekjur nægi til að standa undir rekstri Umferðarráðs, greiðist úr ríkissjóði.